



Lífeyrissjóður bænda  
Bændahöllinni við Hagatorg  
107 REYKJAVÍK  
Kt. 670172-0589

*Alþingi*  
**Erindi nr. P 132/1530**  
**komudagur 3.4. 2006**

Sími 563 0300  
Fax 561 9100

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. apríl 2006

**Efni: 622. mál, Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.**

Visað er til bréfs, dags. 27. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar Lífeyrissjóðs bænda um framangreint frumvarp.

Ofangreint frumvarp er lagt fram í samráði við stjórn Lífeyrissjóðs bænda í þeim tilgangi að einfalda lagaumhverfi hans. Í núgildandi lögum eru ákvæði um lífeyrisréttindi sem koma í veg fyrir að sjóðurinn geti tekið upp samsvarandi lífeyrisréttindi og aðrir lífeyrissjóðir sem tekið hafa upp aldurstengingu réttinda. Því er að mati stjórnar sjóðsins nauðsynlegt að fella niður lífeyrisréttindaákvæði laganna. Lágmarksákvæði um lífeyrisréttindi er að finna í III. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Rétt er að taka fram að nú liggur fyrir tryggingafræðileg úttekt á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2005. Niðurstöður hennar eru þær að núvirtar eignir að viðbættum framtíðariðgjöldum eru 1.001 mkr. hærri en heildarskuldbindingar sjóðsins og hagnaður 4,57%. Núvirtar eignir eru 2.568 mkr. hærri en áfallnar skuldbindingar eða 15,86%.

Lífeyrissjóður bænda gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og telur það bæta starfsumhverfi sjóðsins.

Virðingarfyllst,  
**Lífeyrissjóður bænda**

Sigurbjörg Björnsdóttir  
framkvæmdastjóri